

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

ÁRSREIKNINGUR 2017



Skýrsla stjórnar.....	2
Áritun óháðs endurskoðanda.....	8
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	10
Efnahagsreikningur.....	11
Yfirlit um sjóðstreymi.....	12
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu.....	13
Skýringar.....	14
Deildaskipt yfirlit.....	38
Kennitölur.....	41
Sundurliðanir á verðbréfum.....	47
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	52
Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2018 (útdráttur).....	54
Stjórnarháttayfirlýsing.....	56

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild. Sjóðurinn hentar þeim sem geta valið um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skylduiðgjöld sín og öllum þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í sjóðinn.

Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2017 voru sjóðfélagar 56.590 og fjölgaði þeim um 2.641 á árinu en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 22.430 og fjölgaði þeim um 1.496 frá fyrra ári. Hrein eign sjóðsins nam 210.493 milljónum kr. og stækkaði sjóðurinn um 24.948 milljónir kr. eða 13,4%. Hrein eign fjárfestingarleiða í séreignadeild var 146.630 milljónir kr. og hrein eign tryggingadeildar var 63.863 milljónir kr. Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda námu 16.508 milljónum kr. og jukust um 20% á milli ára og heildarlífeyrisgreiðslur námu 3.777 milljónum kr. og hækkuðu um 3% á milli ára. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja milli fjögurra fjárfestingarleiða séreignadeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu, áhættu og ávöxtun. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild
Nafnávöxtun	6,9%	6,5%	6,7%	5,8%	4,8%
Raunávöxtun	5,0%	4,7%	4,9%	4,0%	3,0%
Meðaltal nafnávöxtunar síðustu 5 ára.....	6,5%	6,0%	4,7%	7,9%	6,4%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára.....	4,4%	3,8%	2,6%	5,7%	4,2%
Hrein eign í milljónum króna	107.548	12.740	25.973	370	63.863
Fjöldi sjóðfélaga/réttihafa	45.914	5.029	8.644	192	44.436
Fjöldi sem greitt hefur í sjóðinn á árinu	16.052	2.346	4.214	167	18.570
Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi í sjóðinn á árinu	12.480	1.901	3.543	132	14.897
Fjöldi lífeyrisþega	1.184	271	738	20	1.559

Markhópur	Yngri en 55 ára	Eldri en 55 ára	Lífeyris-þegar	Áhættu-sæknir	Allir
Fjárfestingarstefna 2017:					
Skuldabréf	50%	75%	80%	45%	75%
Innlend hlutabréf	20%	15%	0%	45%	15%
Erlend hlutabréf	25%	5%	0%	5%	5%
Bankainnstæður	5%	5%	20%	5%	5%
	100%	100%	100%	100%	100%

Frjálsi lífeyrissjóðurinn tilnefndur sem besti lífeyrissjóður Evrópu

Á árinu 2017 var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn í fjórða sinn besti lífeyrissjóður Evrópu á meðal Evrópuþjóða með færri en milljón íbúa af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE).

Frá árinu 2005 hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn fengið 11 verðlaun frá IPE sem er mesti fjöldi verðlauna sem íslenskum lífeyrissjóði hefur hlotnast.

Ávöxtun

Árið 2017 var hagfelld á fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn þegar horft er til ávöxtunar. Fjárfestingarleiðir sjóðsins skiluðu nafnávöxtun á bilinu frá 5,8% til 6,9% sem samsvarar raunávöxtun á bilinu frá 4% til 5%. Úrvalsvísitala hlutabréfa lækkaði um 4,4% á árinu 2017 og heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) hækkaði um 9,7% mælt í íslenskum krónum. Eftir mikla gengisstyrkingu árið 2016 endaði gengisvísitala krónu í lok árs á nánast sama gildi og í árbyrjun þrátt fyrir talsverðar sveiflur yfir árið, styrking krónunnar nam 0,7% árið 2017. Íbúðabréf, sem eru helstu eignir sjóðsins í innlendum skuldabréfum, hækkuðu um 7,1%-13,8%. Verðbólga hefur mælst stöðug og undir markmiði Seðlabankans en í lok árs stóð ársverðbólgan í 1,9%.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frjálsi áhætta

Frjálsi áhætta, sem er áhættumesta fjárfestingarleið sjóðsins skilaði 5,8% nafnávöxtun og 4,0% raunávöxtun árið 2017. Ávöxtunina má rekja til hækkunar á innlendum skuldabréfum og erlendum hlutabréfum, en vægi innlendra skuldabréfa var um 53% og vægi erlendra hlutabréfa um 11% í lok árs. Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 7,9% á ársgrundvelli og raunávöxtun 5,7%.

Frjálsi 1

Frjálsi 1, sem er stærsta, fjölmennasta og elsta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 6,9% nafnávöxtun og 5,0% raunávöxtun. Ávöxtunina skýrist einna helst af hækkun á innlendum skuldabréfum og á erlendum hlutabréfum. Í lok ársins var hlutfall innlendra skuldabréfa af eignum leiðarinnar um 50% og hlutfall erlendra verðbréfa um 26%. Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 6,5% á ársgrundvelli og raunávöxtun 4,4%.

Frjálsi 2

Frjálsi 2 skilaði 6,5% nafnávöxtun og 4,7% raunávöxtun á tímabilinu. Ávöxtun má rekja til hækkunar á innlendum skuldabréfum, en það er stærsti eignaflokkur leiðarinnar og var vægi þeirra 70% í árslok. Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 6,0% á ársgrundvelli og raunávöxtun 3,8%.

Frjálsi 3

Frjálsi 3, sem er áhættuminnsta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 6,7% nafnávöxtun og 4,9% raunávöxtun. Ávöxtunina má rekja til vaxtatekna af innlánum og hækkun innlendra skuldabréfa, þá einkum verðtryggða skuldabréfa en vægi þeirra í lok árs var um 93% og hlutfall innlána um 6% af eignum leiðarinnar. Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 4,7% á ársgrundvelli og raunávöxtun 2,6%.

Tryggingadeild

Frjálsi Tryggingadeild skilaði 4,8% nafnávöxtun og 3,0% raunávöxtun. Í lok árs 2017 vógu innlend skuldabréf um 68% af eignum deildarinnar, innlend hlutabréf um 16% og erlend verðbréf um 13%. Rétt er að taka fram að skuldabréf tryggingadeildar sem eru gerð upp á kaupkröfu nema 23% af hreinni eign deildarinnar. Það þýðir að sú lækkun sem varð á ávöxtunarkröfu skuldabréfa á árinu 2017 leiddi ekki til hækkunar á virði skuldabréfanna líkt og gildi um skuldabréf séreignadeildanna sem eru gerð upp á markaðsvirði að undanskildum sjóðfélagalánum.

Óbreytt tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða tryggingadeildar var óbreytt á milli ára. Staðan er traust því eignir umfram heildarskuldbindingar voru í lok árs 1,9%. Tryggingadeildin náði ekki 3,5% raunávöxtun sem er viðmið tryggingafræðilegra athugana. Aftur á móti var hagnaður af tryggingalegum þáttum í rekstri sjóðsins sem vegur upp á það sem vantar á ávöxtun eigna deildarinnar.

Hækkandi meðalævi

Ein helsta áskorun sjóðsins er að meðalævilengd þjóðarinnar fer hækkandi. Lenging á meðalævi þýðir að ellilífeyrir úr tryggingadeild, sem er greiddur til æviloka, er greiddur lengur til hvers sjóðfélaga að meðaltali og að öllu óbreyttu hækka skuldbindingar sjóðsins.

Af hálfu Félags Íslenskra Tryggingastærðfræðinga hafa verið kynntar hugmyndir um að áætlun um lífslíkur fólks í framtíðinni verði grundvöllur við mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóða en ekki lífslíkur út frá reynslu í fortíðinni eins og hefur verið. Breyttar forsendur myndu hækka áfallnar skuldbindingar tryggingadeildar um ca. 18%. Sem mótvægi við hækkun skuldbindinga hafa Landssamtök lífeyrissjóða kynnt hugmyndir um að ellilífeyristökualdur verði hækkaður um 2 mánuði á ári næstu 12 árin og 1 mánuð á ári næstu 12 ár þar á eftir. Þannig yrði ellilífeyristökualdur hækkaður í litlum skrefum um þrjú ár næstu 24 árin.

Markmið þessara mótvægisáðgerða væri fyrst og fremst að draga úr hækkun skuldbindinga vegna hækkandi meðalævi. Talið er eðlilegt að samfara hækkun á meðalævi hækki ellilífeyristökualdur þannig að greiðslutími ellilífeyris verði svipaður að lengd hjá öllum árgöngum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn ákvað á sínum tíma sem einn fárra lífeyrissjóða að bjóða upp á að skylduiðgjaldi yrði ráðstafað að hluta til frjálsrar séreignar sem er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Þær breytingar sem líklegt er að þurfi að grípa til munu ekki hafa áhrif á útgreiðslur frjálsrar séreignar. Gert hafði verið ráð fyrir að breytt fyrirkomulagi tæki gildi í byrjun árs 2017 en því hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

Fjárfesting í United Silicon

Aðdragandi

Á árinu 2017 beindist kastljós að erfiðleikum kísilmálmverksmiðju United Silicon en Frjálsi lífeyrissjóðurinn var einn af þeim aðilum sem fjárfestu í verksmiðjunni. Upphaf fjárfestingarinnar má rekja til ársins 2014 þegar sjóðurinn hafði til skoðunar þátttöku í þremur verknum sem gengu út á byggingu verksmiðja til framleiðslu á kísilmálm til útflutnings. Aðgangur að hagstæðum langtíma orkusamningum, hagstætt viðskiptaumhverfi, aðgengi að mörkuðum ásamt hagstæðu verði á framleiðsluafurðinni studdi við þá skoðun að arðbært væri að fjárfesta í slíkri framleiðslu á Íslandi og að uppbygging slíks iðnaðar væri jákvæð fyrir þjóðarbúið. Að United Silicon verkefninu stóðu bæði innlendir og erlendir einkafjárfestar, m.a. fyrirtækið BIT Fondel sem er stór söluaðili kísils í Evrópu, en þegar leitað var til Frjálsa lífeyrissjóðsins haustið 2014 höfðu þessir aðilar gert margvíslega samninga við opinbera aðila og undirgengist kostgæfnisathuganir og verksmiðjan hlotið starfsleyfi.

Kostgæfnisathuganir

Unnar voru þrjár kostgæfnisathuganir á verkefninu sem allar skiluðu jákvæðri niðurstöðu. Þær voru lögfræðileg kostgæfnisathugun, viðskiptaleg kostgæfnisathugun og kostgæfnisathugun á byggingarkostnaði. Einni af stærri verkfræðistofum landsins var falið að fara yfir kostnaðaráætlun verkefnisins. Verkfræðistofan skoðaði hvort byggingakostnaðarleg kostgæfnisathugun hefði náð til alls þess búnaðar, bygginga, prófana og uppsetningar sem þurfti til að verksmiðjan gæti hafið framleiðslu og náð tilsettum framleiðslumarkmiðum. Niðurstaða þeirrar áreiðanleikakönnunar var jákvæð en síðar kom í ljós að raunkostnaður við byggingu verksmiðjunnar var talsvert umfram kostnaðaráætlanir.

Þátttaka í fjármögnun

Frjálsi lífeyrissjóðurinn fjárfesti upphaflega fyrir 547 milljónir kr. í verkefninu snemma árs 2015 en jók við þá fjárfestingu um 195 milljónir kr. árið 2016 og 397 milljónir kr. árið 2017. Samtals hljóðaði því fjárfestingin upp á 1.139 milljónir kr. eða um 0,5% af heildareignum sjóðsins um síðustu áramót. Aukningin 2017 kom til vegna vandamála sem komu upp við gangsetningu verksmiðjunnar og átti hún að duga til að koma verksmiðjunni í stöðugan rekstur. Það gekk því miður ekki eftir, ófyrirséð vandamál komu upp auk dómsmála sem féllu félaginu í óhag leiddu til greiðslustöðvunar í september 2017 og gjaldþrots í janúar 2018. Í ágúst 2017 færði sjóðurinn fjárfestinguina niður um 90% og að fullu í september sama ár.

Áhættudreifing að leiðarljósi í fjárfestingum

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur tekið þátt í fjölmörgum fjármögnunarverkefnum á undanförunum árum til að ávaxta eignir sjóðsins með góðum árangri. Lögð hefur verið áhersla á að fjárfesta lágu hlutfalli af heildareignum í hverju og einu verkefni til að dreifa áhættu sem fylgir fjárfestingum sjóðsins.

Lífeyrissjóðir ákæra fyrrum framkvæmdastjóra og stjórnarmann United Silicon

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins ásamt stjórnnum fjögurra annarra lífeyrissjóða, kærði Magnús Ólaf Garðarsson, fyrrum framkvæmdastjóra og stjórnarmann United Silicon hf. og óskaði eftir að héraðssaksóknari tæki til lögreglurannsóknar möguleg refsiverð brot hans og eftir atvikum annarra stjórnenda, stjórnarmanna og starfsmanna félagsins. Talið er að blekkingum hafi verið beitt og átt hafi verið við áætlanir og upplýsingar í þeim tilgangi að fegra stöðu félagsins og leynd þeim kerfisbundnu auðgunarbrotum sem virðast hafa verið stunduð í skjóli félagsins. Grunur er um skjalafals, fjársvik í tengslum við kaup á búnaði, innheimtu tilhæfulausra reikninga og misnotkun á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands. Þá telja kærendur að í ljósi þess sem nú er komið fram að rannsaka þurfi hvort fjármunir félagsins United Silicon hf. hafi að hluta verið nýttir, mögulega með ólöglegum hætti, til að fjármagna að hluta þátttöku Magnúsar Garðarssonar, eða félaga tengdum honum, í hlutafjárhækkunum félagsins sjálfs.

Lögfræðileg skýrsla gundvöllur ákæru

Kæran er lögð fram að fenginni niðurstöðu lögfræðilíts Stefáns Árna Auðólfssonar, lögmanns hjá LMB Mandat, um stöðu sjóðanna gagnvart fjárfestingum þeirra sem afskrifaðar voru við gjaldþrot United Silicon. Auk Frjálsa lífeyrissjóðsins óskuðu fjórir aðrir lífeyrissjóðir eftir lögfræðilíttinu til þess að fá úr því skorið til hvaða aðgerða sjóðirnir gætu gripið til að verja hagsmuni sjóðfélaga. Með kærinni er leitað atbeina embættis héraðssaksóknara til þess að hefja lögreglurannsókn á meintu misferli í rekstri félagsins United Silicon hf. Kæran fylgir í kjölfar kæru félagsins sjálfs og Arion banka á hendur framkvæmdastjórnunum. Sjóðirnir telja að möguleg brot hans snúi að hluta til með öðrum hætti að hagsmunum þeirra en félagsins sjálfs og Arion banka, auk þess sem þeir hafi sjálfstæða hagsmuni af því að fylgja kærinni eftir.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Sterkur grunur er um að eftirlitsaðilar, lífeyrissjóðir og banki hafi verið blekkir af Magnúsi Garðarssyni. Sá blekkingarvefur, sem þar virðist hafa verið spunninn, er ein meginástæða þess að fjárfestingin tapaðist. Þegar Frjálsa lífeyrissjóðnum var boðið að taka þátt í fjárfestingunni var United Silicon búið að gera fjölda samninga við innlenda og erlenda aðila vegna reksturs verksmiðjunnar. Samkvæmt upplýsingum frá lánveitanda félagsins höfðu stofnendur félagsins verið kannaðir vel.

Lærdómur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Frjálsa lífeyrissjóðnum þykir miður að áætlanir varðandi fjárfestingu sjóðsins sem tengist United Silicon hafi ekki gengið eftir og harmar þau óþægindi sem málið hefur valdið sjóðfélögum og íbúum á Reykjanesi. Stjórn sjóðsins hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á vandaða vinnu við fjárfestingar og ítarlegar skoðanir áður en til fjárfestinga kemur. Stjórnin taldi engu að síður mikilvægt að fara yfir fjárfestingarferlið svo og niðurstöðu lögfræðiláts um stöðu sjóðanna gagnvart fjárfestingunni til að meta hvaða lærdóm hún gæti dregið af fjárfestingunni.

- Stjórn sjóðsins mun leggja enn frekari áherslu á vandaða stjórnarhætti, orðspor og hæfni þeirra sem að fjárfestingarverkefnum standa og þeirra sem hafa aðkomu að þeim á einhvern hátt.

- Ljóst er að ekki má vanmeta orðsporsáhættu. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að breyta fjárfestingarferli sínu og taka þannig enn frekar tillit til orðsporsáhættu, sér í lagi þegar rekstaráðili eða aðilar honum tengdir eru einnig haghafar að fjárfestingarverkefnum.

Breytingar á lögum um lífeyrissjóði

Þann 1. júlí 2017 tóku gildi breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Breytingarnar snúa einna helst að magnbundnum takmörkunum á fjárfestingum eftir tegundaflokkum og hámarks eignarhlutdeild lífeyrissjóða í félögum og sjóðum. Þá var lífeyrissjóðum gert að setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum.

Í framhaldinu hefur lífeyrissjóðurinn sett sér hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Hluthafastefnan skilgreinir þær kröfur sem sjóðurinn gerir að jafnaði til þeirra félaga sem hann fjárfestir í ásamt því að auka gagnsæi sjóðsins sem hluthafi og stuðla að trúverðugri aðkomu lífeyrissjóðsins að viðkomandi félögum. Stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar útlistar grunngildi og viðmið sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum. Ábyrgar fjárfestingar eru fjárfestingar sem auk þess að taka tillit til áhættu og ávöxtunar taka tillit til umhverfis-, samfélags- og stjórnarháttanna. Bæði hluthafastefnan og stefnan um ábyrgar fjárfestingar eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.

Auknar kröfur um áhættustýringu

Með áðurnefndum lagabreytingum voru auknar kröfur gerðar til áhættustýringar lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðum var gert að tilnefna starfsmann sem að ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Rekstraraðili sjóðsins hefur með samþykki stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins ráðið ábyrgðarmann áhættustýringar sem starfar innan áhættustýringarsviðs bankans. Þá var lífeyrissjóðum einnig gert að setja sér áhættustýringarstefnu þar sem fram kemur hvernig lífeyrissjóðurinn stýrir áhættuþáttum, en lífeyrissjóðum hafði áður verið gert að setja sér áhættustefnu þar sem fram kemur vilji stjórnar til áhættutöku.

Frekari upplýsingar um áhættustýringu sjóðsins er að finna í skýringu nr. 11 í ársreikningnum.

Fjárfestingarheimildir erlendis

Í mars 2017 voru fjármagnshöftum á lífeyrissjóði aflétt að fullu. Sjóðurinn getur nú aukið áhættudreifingu á eignum sínum í framtíðinni með fjárfestingum í erlendum gjaldmiðlum. Sjóðurinn jók vægi erlendra eigna jafnt og þétt á árinu 2017 og það sem af er árinu 2018. Til að mynda þá keypti sjóðurinn erlendan gjaldeyri á árinu 2017 fyrir um 5,1 milljarða kr. Gert er ráð fyrir því að auka fjárfestingar sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum jafnt og þétt á næstu árum.

Mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð og tilgreind séreign

Samkvæmt SALEK samkomulagi aðildarféлага Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins frá 21. janúar 2016 hækkaði móttframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð úr 8% í 8,5% af launum frá og með 1. júlí 2016. Móttframlagið hækkaði um 1,5% af launum þann 1. júlí 2017 og mun hækka um 1,5% þann 1. júlí 2018 og verður þá 11,5%. Með 4% framlagi launþega verður heildariðgjaldið 15,5%. Hugmyndir hafa verið kynntar um að lögbundið lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð hækki í takt við SALEK samkomulagið. Gera má ráð fyrir að hækkan móttframlagsins muni að óbreyttu leiða til þess að fjárhæð lágmarksiðgjalds í sjóðinn haldi áfram að aukast.

Sjóðfélögum lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði bauðst frá 1. júlí 2017 að greiða hækkan móttframlagsins í svokallaða tilgreinda séreign. Sjóðfélagi er heimilt að hefja útborgun á tilgreindri séreign þegar 62 ára aldri er náð og skulu þær dreifast að lágmarki fram að 67 ára aldri. Markmiðið með tilgreindri séreign er að bjóða sjóðfélögum upp á meiri sveigjanleika við töku lífeyris.

Sjóðfélögum er heimilt skv. lögum að velja sér vörsluaðila fyrir iðgjald sem ráðstafað er í séreignarsparnað, hvort sem um viðbótariðgjald eða hluta af skylduiðgjaldi er að ræða. Stjórn sjóðsins ákvað að bjóða sjóðfélögum annarra lífeyrissjóða að greiða iðgjald í tilgreinda séreign í Frjálsa lífeyrissjóðinn. Tilgreind séreign verður aftur á móti að óbreyttu ekki valkostur fyrir sjóðfélagi sem greiða skylduiðgjald í Frjálsa lífeyrissjóðinn enda rennur hækkan móttframlags þeirra í frjálsa séreign sem er laus til útborgunar eftir 60 ára aldur og hefur hún því rými útborgunarreglugerð en tilgreinda séreignin.

Stjórnarhættir

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttayfirlýsingu fyrir árið 2017 sem er birt í heild sinni í viðauka við ársreikning sjóðsins en henni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum, upplýsa haghafa um stjórnarhætti sjóðsins og uppfylla kröfur í reglum FME um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015.

Fjárfestingarstefna

Eitt af mikilvægustu hlutverkum stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins er að setja fjárfestingarstefnu fyrir einstaka deildir sjóðsins. Í stefnunni eru sett markmið sjóðsins um hlutfall fjárfestinga einstakra deilda í tilteknum eignaflokkum en heimilt er að víkja frá markmiðunum að ákveðnum hámarkum og lágmarkum til að nýta tækifæri sem gefast á verðbréfamörkuðum. Óverulegar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnunni fyrir árið 2018 en útdrátt úr stefnunni má finna í viðauka ársskýrslunnar og stefnuna í heild sinni á vef sjóðsins, www.frjalsi.is.

Stjórnarlaun, umsýsluþóknun og aðrar þóknunir

Heildarstjórnarlaun á árinu 2017 námu 18,5 milljónum kr. Umsýsluþóknun til rekstraraðila fyrir rekstur og eignastýringu nam 528,6 milljónum kr. eða 0,27% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins. Auk þess greiddi sjóðurinn vörsluþóknun til rekstraraðila og nam hún 53,7 milljónum kr. Þóknun endurskoðunarnefndar nam 2,6 milljónum kr. og þóknun til ytri endurskoðanda 6,3 milljónum kr.

Lánareglum breytt

Vöxtur í útlánum hélt áfram að aukast á árinu 2017. Ný lífeyrissjóðslán námu um 15 milljörðum kr. en 9,4 milljörðum árið áður. Afgreidd voru 686 sjóðfélagalán samanborið við 441 árið áður og var meðallánsfjárhæð um 22 milljónum kr. Í lok árs voru lánin tæp 12% af hreinni eign sjóðsins en voru um 7% í lok árs 2016.

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins telur lífeyrissjóðslán mikilvæga þjónustu sem hún vill bjóða sjóðfélögum til framtíðar til að auðvelda þeim að fjármagna húsnæðis kaup sín. Lánin eru jafnframt traustur fjárfestingarkostur fyrir sjóðinn. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur boðið upp á vaxtakjör sem eru með því lægsta sem í boði er á íbúðalánamarkaði og hefur mjög mikil eftirspurn verið eftir lánum sjóðsins frá janúar 2016 þegar að sjóðurinn lækkaði vexti og fjölgaði valkostum. Ástæður mikillar eftirspurnar eru fyrst og fremst hagstæð vaxtakjör og framúrskarandi þjónusta hvað varðar hraða og einfaldleika við afgreiðslu láns umsóknna.

Til að sporna gegn því að lán sjóðsins fari yfir það hlutfall heildareigna sem stjórnin telur skynsamlegt að bundið sé í sjóðfélagalánum þá ákvað sjóðurinn í september 2017 að hætta að veita lán til að endurfjármagna lán hjá öðrum lánveitendum. Lánveitingar takmarkast því annars vegar við lán til að kaupa íbúðarhúsnæði og hins vegar við lán til að endurfjármagna lán sem var tekið hjá sjóðnum enda leiða slík lán ekki til þess að heildarlán sjóðsins aukist.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ófjárhagslegar upplýsingar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn telst til eininga tengdum almannahagsmunum skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Í lögnum kemur fram að í yfirliti með skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar og mútumálum. Yfirlitið með ófjárhagslegum upplýsingum er að finna á bls. 51 í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2018

Í stjórn



Ásgeir Thoroddsen
stjórnarformaður



Anna Sigríður Halldórsdóttir



Ásdís Eva Hannesdóttir



Elías Jónatansson



Elin Þórðardóttir



Jón Guðni Kristjánsson



Magnús Pálmi Skúlason

Framkvæmdastjóri



Arnaldur Loftsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Frjálsa lífeyrissjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innfela skýrslu stjórnar og stjórnarháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innfela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Frjálsa lífeyrissjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram á dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogi, 28. mars 2018

Deloitte ehf.



Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2017

	Skýr.	2017	2016
Iðgjöld	2.4;3		
Iðgjöld sjóðfélaga		5.613.237	4.879.461
Iðgjöld launagreiðenda		10.894.929	8.864.974
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(35.551)	100.354
		<u>16.472.615</u>	<u>13.844.789</u>
Sérstök aukaframlög		159.693	165.835
		<u>16.632.308</u>	<u>14.010.624</u>
Lífeyrir	2.5;4		
Heildarfjárhæð lífeyris	4.1	(2.933.251)	(2.815.295)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	4.2	(105.554)	(95.595)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	4.3	(6.080)	(5.451)
Útgreiðsla séreignarsparnaðar skv. br.b.ákvæði	4.4	0	(6.600)
Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána eða til öflunar íbúðarhúsnæðis	4.5	(732.093)	(738.744)
		<u>(3.776.978)</u>	<u>(3.661.685)</u>
Hreinar fjárfestingartekjur	2.6;5		
Hreinar tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.1-2	4.465.238	(3.335.784)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5.3-4	8.054.273	4.358.728
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		41.163	113.696
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur af handbæru fé		148.955	415.231
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		27.985	26.422
Ýmsar fjárfestingartekjur		9.151	36.692
Fjárfestingargjöld	5.5-6	(273.787)	(270.710)
		<u>12.472.978</u>	<u>1.344.275</u>
Rekstrarkostnaður	2.8;6		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(380.709)	(367.750)
Hækkun á hreinni eign á árinu		24.947.599	11.325.464
Hrein eign frá fyrra ári		<u>185.545.388</u>	<u>174.219.924</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>210.492.987</u>	<u>185.545.388</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2017

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Eignir			
Fjárfestingar	2.8;7		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	7.1	77.653.033	74.524.990
Skuldabréf	7.2-3	124.546.161	105.813.473
Bundnar bankainnstæður	2.8 e)	1.011.873	1.341.796
		<u>203.211.067</u>	<u>181.680.259</u>
Kröfur	2.9;8		
Kröfur á launagreiðendur		1.099.026	958.844
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		47.422	68.523
Aðrar kröfur		33.327	11.606
	8.1	<u>1.179.775</u>	<u>1.038.973</u>
Handbært fé			
Handbært fé	2.10	<u>6.964.006</u>	<u>3.755.122</u>
Eignir samtals		<u>211.354.848</u>	<u>186.474.354</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	2.11;9		
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		(847.548)	(838.058)
Aðrar skuldir		(14.313)	(90.908)
	9.1	<u>(861.861)</u>	<u>(928.966)</u>
Skuldir samtals		<u>(861.861)</u>	<u>(928.966)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>210.492.987</u>	<u>185.545.388</u>
Skuldbindingar utan efnahags	10.1		

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2017

	Skýr.	2017	2016
Inngreiðslur			
Iðgjöld	3	16.542.112	14.143.418
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		146.204	464.072
Aðrar inngreiðslur		91.665	166.899
		<u>16.779.981</u>	<u>14.774.389</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir	4	3.822.369	3.605.923
Rekstrarkostnaður	6	362.955	354.319
Aðrar útgreiðslur		405.305	354.302
		<u>4.590.629</u>	<u>4.314.544</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		<u>12.189.352</u>	<u>10.459.845</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		547.189	1.773.769
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(37.212.107)	(24.316.365)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		37.925.438	12.731.032
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		10.948.659	7.074.458
Keypt skuldabréf		(37.321.075)	(35.610.855)
Seld skuldabréf		15.798.708	14.818.163
Ný bundin innlán		329.923	2.296.609
		<u>(8.983.265)</u>	<u>(21.233.190)</u>
(Lækkun)/hækkun á handbæru fé		3.206.087	(10.773.345)
Gengismunur af handbæru fé		2.797	(48.829)
Handbært fé í ársbyrjun		3.755.122	14.577.296
Handbært fé í árslok		<u>6.964.006</u>	<u>3.755.122</u>

YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU TRYGGINGAÐEILDAR 31. DESEMBER 2017

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

10.2	Skýr		
	Áfallin skuldbinding	31.12.2017 Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	63.862.731	0	63.862.731
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	(337.980)	0	(337.980)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(191.680)	0	(191.680)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar	(489.742)	0	(489.742)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(611.960)	(1.886.669)	(2.498.629)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	92.070.952	92.070.952
Eignir samtals	62.231.369	90.184.283	152.415.652
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	44.784.509	65.824.555	110.609.064
Örorkulífeyrir	10.860.467	18.677.864	29.538.331
Makalífeyrir	3.462.454	4.880.065	8.342.519
Barnalífeyrir	90.458	1.053.307	1.143.765
Skuldbindingar samtals	59.197.888	90.435.791	149.633.679
Eignir umfram skuldbindingar	3.033.481	(251.508)	2.781.973
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	5,1%	(0,3%)	1,9%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	4,9%	(0,1%)	1,9%

	31.12.2016		
	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	55.481.681	0	55.481.681
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	628.800	0	628.800
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(146.600)	0	(146.600)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar	(837.100)	0	(837.100)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(427.427)	(1.320.273)	(1.747.700)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	81.185.190	81.185.190
Eignir samtals	54.699.354	79.864.917	134.564.271
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	39.229.132	58.044.358	97.273.490
Örorkulífeyrir	9.684.065	16.498.498	26.182.563
Makalífeyrir	3.156.664	4.457.710	7.614.374
Barnalífeyrir	82.046	905.282	987.328
Skuldbindingar samtals	52.151.907	79.905.848	132.057.755
Eignir umfram skuldbindingar	2.547.447	(40.931)	2.506.516
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	4,9%	(0,1%)	1,9%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	10,4%	1,6%	5,1%

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiptist í fjórar séreignardeildir, eina tryggingadeild og eina sameiginlega deild sem tekur við iðgjöldum frá launagreiðendum. Sameiginlega deildin ráðstafar iðgjöldum á deildir sjóðsins í samræmi við samninga sjóðfélaga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frjálsi lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

2.1 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í undantekningartilfellum er vikið frá framsetningarformi samkvæmt viðauka 1 í reglunum, þegar upphæðir undirliða teljast óverulegar og eru þær þá felldar inn í aðra undirliði. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

2.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

2.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því ári sem þær eiga sér stað.

2.4 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld í lok ársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er fært undir liðinn sérstök aukafamlög.

2.5 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur séreignadeilda og tryggingadeildar til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri, barnalífeyri og annan lífeyri. Jafnframt útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt bráðabirgðaákvæði svo og viðbótariðgjöld sem ráðstafað er inn á lán eða til öflunar íbúðarhúsnæðis. Auk þess beinn kostnaður sem fellur til vegna örorkulífeyrisúrskurða og gjalds til starfsendurhæfingarsjóðs.

2.6 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfa og gengi gjaldmiðla.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 5.5 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökubóknanir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

2.6 Hreinar fjárfestingartekjur, frh.

c) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færðar bóknar til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins í samræmi við rekstrarsamning þar um. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og bóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýslubóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi.

2.7 Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins, annar en bóknar til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins sem færður er meðal fjárfestingargjalda. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

2.8 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og bundnum bankainnstæðum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldið er til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem sjóðurinn tilgreinir að verði haldið til gjalddaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok árs, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 7.5 Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörsárs. Í skýringu nr. 7.2 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga á reikningsskiladegi.

e) Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður er færður sá hluti innlána í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

2.9 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og færðar á afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærslan er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

2.10 Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreikningi á gangvirði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

SKÝRINGAR

2.11 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

2.12 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands og gengi í lok ársins var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi		Lokagengi	
		2017	2016	31.12.2017	31.12.2016
Evra.....	EUR	120,20	133,22	124,70	118,80
Bandaríkjadollar.....	USD	106,53	120,39	104,17	112,55
Japanskt jen.....	JPY	0,95	1,11	0,93	0,96
Dönsk króna.....	DKK	16,16	17,89	16,75	15,98

2.13 Áhættustjórnun

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum. Nánar er fjallað um áhættuþætti í starfsemi sjóðsins og áhættustýringu í skýringu 11.

SKÝRINGAR

3. IÐGJÖLD

3.1 Iðgjöld

Í ársreikningi sjóðsins eru iðgjöld færð til tekna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris þegar bæði greiðslur og skilagreinar hafa borist sjóðnum en þá hafa réttindi eða séreign áunnist fyrir sjóðfélaga. Iðgjöld sjóðfélaga eru greidd inn á sameiginlegan iðgjaldareikning Frjálsa lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild sjóðfélagar eru. Daglegt uppgjör fer fram á milli iðgjaldareikningsins og deilda sjóðsins sem felur í sér að greiðslur eru millifærðar af iðgjaldareikningi yfir á bankareikninga viðkomandi deilda í samræmi við samninga sjóðfélaga. Þann 31. desember 2017 var staðan á sameiginlegum iðgjaldareikningi sjóðsins 630,3 milljónir kr.

Í tryggingadeild sjóðsins hafa iðgjöld vegna ársins 2017 eða eldri ára, sem voru greidd og/eða skráð eftir að uppgjörssárinu lauk, verið bókfærð að fjárhæð 517,2 milljónir kr. Einnig eru iðgjöld tryggingadeildar áætluð vegna skilagreina sem hafa borist en hafa ekki verið greiddar þegar uppgjörssárinu lauk. Í lok ársins eru áætluð iðgjöld tryggingadeildar vegna ógreiddra skilagreina 581,9 milljónir kr. Ógreiddar skilagreinar séreignardeilda í lok ársins nema 292,2 milljónum kr. en ekki er áætlað fyrir þeim í iðgjöldum því þær mynda ekki séreign fyrir sjóðfélaga fyrr en þær greiðast eftir uppgjörssárið.

3.2 Iðgjöld greinast þannig:

	2017	2016
Lágmarksiðgjöld	13.568.731	11.075.079
Viðbótariðgjöld	2.939.435	2.669.356
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(35.551)	100.354
Sérstök aukaframlög	159.693	165.835
	16.632.308	14.010.624

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2017
Lágmarksiðgjöld	5.126.483	689.537	1.485.954	71.406	6.195.351	13.568.731
Viðbótariðgjöld	1.980.356	415.513	502.373	41.193	0	2.939.435
Réttindaflutn. og endurgreiðslur	(1.517.428)	506.154	1.002.032	(9.144)	(17.165)	(35.551)
Sérstök aukaframlög	0	0	0	0	159.693	159.693
	5.589.411	1.611.204	2.990.359	103.455	6.337.879	16.632.308

4. LÍFEYRIR

4.1 Lífeyrir greinist þannig:

	2017	2016
Ellilífeyrir	2.159.853	2.137.855
Barnalífeyrir	22.265	18.874
Makalífeyrir	43.615	31.596
Örorkulífeyrir	332.605	299.109
Annar lífeyrir	374.913	327.861
	2.933.251	2.815.295

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2017
Ellilífeyrir	998.249	140.866	789.340	84	231.314	2.159.853
Barnalífeyrir	0	0	0	0	22.265	22.265
Makalífeyrir	0	0	0	0	43.615	43.615
Örorkulífeyrir	5.665	35	8.303	0	318.602	332.605
Annar lífeyrir	228.984	111.605	34.324	0	0	374.913
	1.232.898	252.506	831.967	84	615.796	2.933.251

SKÝRINGAR

4.2 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

	2017	2016
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	105.554	95.595

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiddu til starfsendurhæfingarsjóðs 0,10% af iðgjaldsstofni vegna ársins 2017. Gjaldið lækkaði frá og með 1. janúar 2016 úr 0,13% af iðgjaldsstofni.

4.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

	2017	2016
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats	6.080	5.451

4.4 Útgreiðsla séreignarsparnaðar

Útgreiðsla séreignarsparnaðar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nam 0 kr. fyrir árið 2017. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu var réttihafa séreignarsparnaðar heimilt að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar á árinu 2014, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla laganna, til vörsluaðila skv. 3.-5. mgr. 8. gr. Upphæðin getur numið allt að 9,0 milljónum kr. á hvern réttihafa, en þó að frádreginni þeirri fjárhæð sem þegar hefur verið greidd út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2014. Samsvarandi útgreiðsla fyrir árið 2016 var 6,6 milljónir kr. Síðasta útgreiðsla á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins var innt af hendi í mars 2016.

4.5 Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána

Útgreiðsla séreignarsparnaðar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og sem ráðstafa á inn á lán nemur 732,1 milljón kr. fyrir árið 2017. Þar af eru 30,1 milljón kr. ógreidd í lok ársins og er fjárhæðin skuldfærð í efnahagsreikningi. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu er réttihafa séreignarsparnaðar heimilt að nýta viðbótariðgjald, vegna launagreiðslna á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2019, til greiðslu inn á höfuðstól lána sem tekin eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Samsvarandi fjárhæð vegna ársins 2016 nemur 738,7 milljónum kr.. Þar af voru 34,6 milljónir kr. ógreiddar í lok ársins.

Auk þessa hafa lög nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð tekið gildi frá og með 1. júlí 2017. Löggin heimila réttihafa séreignarsparnaðar að nýta viðbótariðgjald, sem greitt er á samfelldu tíu ára tímabili, eftir gildistöku laganna, að tilteknu hámarki á ári, með því að;

- verja uppsöfnuðu iðgjaldi til kaupa á fyrstu íbúð og/eða
- ráðstafa iðgjaldi inn á höfuðstól lána sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð

Þá er réttihafa heimilt að nýta iðgjald sem afborgun inn á óverðtryggt lán, sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð, og sem greiðslu inn á höfuðstól þess eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum.

Geta þeir aðilar sem keyptu sína fyrstu íbúð á tímabilinu 1. júlí 2014 til og með 30. júní 2017 nýtt sér úrræðið, jafnvel þótt viðkomandi hafi þegar nýtt sér skattfrjálslar útgreiðslur viðbótarlífeyrissparnaðar til húsnæðissparnaðar eða til að greiða inn á lán.

Heimild einstaklings takmarkast við allt að 4% framlag réttihafa og allt að 2% framlag launagreiðanda að hámarki samanlagt 500 þús. kr. á almanaksári skv. báðum úrræðum. Hjá hjónum og einstaklingum, sem uppfylla skilyrði til samsköttunar skv. 3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, takmarkast heimildin við sömu forsendur en að hámarki samanlagt 750 þús. kr. á almanaksári skv. lögum um úrræði vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Hins vegar samkvæmt lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð þá eiga fjárhæðatakmörkanir, hjá hjónum eða einstaklingum sem uppfylla skilyrði til samsköttunar, ekki við. Greiðsla inn á lán getur þó aldrei numið hærrí fjárhæð en sem nemur inneign réttihafa vegna greiddra iðgjalda á hverjum tíma. Jafnframt má framlag réttihafa ekki vera lægra en framlag launagreiðanda.

SKÝRINGAR

5. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

5.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum greinast þannig:

	2017	2016
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	4.528.748	(865.909)
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	(610.698)	(4.194.861)
Arður af hlutabréfum	503.608	1.724.987
Endurgreidd umsýslubóknun sjóða	43.580	0
	4.465.238	(3.335.783)

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2017
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	4.072.373	96.596	73.771	1.417	284.591	4.528.748
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	(611.552)	(3.936)	(993)	82	5.701	(610.698)
Afsláttur af hlutabréfaeign	336.410	21.923	8.184	1.049	136.042	503.608
Endurgreidd umsýslubóknun sjóða	28.609	2.247	1.303	73	11.348	43.580
	3.825.840	116.830	82.265	2.621	437.682	4.465.238

5.2 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðaðar niður á 20 stærstu fjárfestingar:

Gangvirðismuni af eignarhlutum í félögum og sjóðum skipt niður á 20 stærstu fjárfestingar í stærðarröð. Miðað er við meðalstöðu eigna í upphafi og lok ársins 2017.

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2017
Stefnir - ÍS 15.....	(165.690)	(10.709)	1	(183)	(107.099)	(283.680)
